# Félagsheimilið Blönduósi ehf.

## Ársreikningur 2019

Félagsheimilið Blönduósi ehf.
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduósi

kt. 710197-3349

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra ........ 3

Áritun endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Sjóðstreymisyfirlit ........ 7

Skýringar ........ 8

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið rekur félagsheimili á Blönduósi. Á árinu starfaði enginn starfsmaður hjá félaginu.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2019 að fjárhæð 3.008 þús. kr.  Bókfært eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 60.736 þús. kr.  samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutafé félagsins nam í árslok 40.600 þús. kr. sem er óbreytt frá fyrra ári.  Hlutafé skiptist á tvo hluthafa í árslok 2019, sem er óbreytt frá ársbyrjun, og greinist eignarhlutdeild þeirra þannig:

| | **Kennitala** | **Nafnverð** | **Hlutdeild** |
|---|---|---|---|
| Blönduósbær ........................................................................................ | 470169-1769 | 40.478.200 | 99,70% |
| Leikfélagið Blönduósi ........................................................................... | 451078-1439 | 121.800 | 0,30% |

Með hliðsjón af ákvæðum 74. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög er ekki heimilt að úthluta arði til hluthafa á árinu 2020 vegna rekstrarársins 2019. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins svo sem vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin muni verða eftir að honum líkur. Stjórnendur félagsins gera þó ráð fyrir að áhrif á rekstur félagsins verði óveruleg enda hefur starfsemi félagsins legið niðri að mestu um nokkurt skeið. Það er mat stjórnenda félagsins að faraldurinn hafi ekki áhrif á rekstrarhæfi þess.

Stjórn og stjórnendur vilja benda á að eigið fé félagsins er neikvætt um 60,7 millj. kr. í árslok 2019 og ef ekki nást fram umbætur á fjármögnun félagsins þá getur við þessar aðstæður leikið vafi á framtíðarrekstrarhæfi félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Félagsheimilisins á Blönduósi ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2019 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Blönduósi,                    2020.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Félagsheimilinu Blönduósi ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Félagsheimilisins Blönduósi ehf. fyrir árið 2019 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðiþekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Blönduósi,                    2020.

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2019

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | |
| Leigutekjur | 4.324.896 | 4.205.672 |
| **Rekstrargjöld** | | |
| Annar rekstrarkostnaður | 8.522.190 | 7.500.099 |
| Afskriftir | 3.007.812 | 2.983.764 |
| | 11.530.002 | 10.483.863 |
| **Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | ( 7.205.106) | ( 6.278.191) |
| Vaxtatekjur | 4.058 | 11.842 |
| Vaxtagjöld | ( 18.558) | ( 53.937) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals** | ( 14.500) | ( 42.095) |
| Tap án framlags Blönduósbæjar | ( 7.219.606) | ( 6.320.286) |
| Framlag Blönduósbæjar | 4.211.794 | 4.057.000 |
| **Tap ársins** | ( 3.007.812) | ( 2.263.286) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | 2019 | 2018 |
|---|---:|---:|
| **Eignir** | | |
| Rekstrarfjármunir | 43.688.649 | 46.696.461 |
| Fastafjármunir samtals | 43.688.649 | 46.696.461 |
| | | |
| Viðskiptakröfur | 14.768 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 891 | 25.168 |
| Handbært fé | 2.167.852 | 3.249.888 |
| Veltufjármunir samtals | 2.183.511 | 3.275.056 |
| | | |
| **Eignir samtals** | 45.872.160 | 49.971.517 |
| | | |
| **Eigið fé** | | |
| Hlutafé | 40.600.000 | 40.600.000 |
| Ójafnað eigið fé | ( 101.336.376) | ( 98.328.564) |
| Eigið fé samtals | ( 60.736.376) | ( 57.728.564) |
| | | |
| **Skuldir** | | |
| Blönduósbær | 106.192.598 | 107.104.540 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 415.938 | 595.541 |
| Skuldir samtals | 106.608.536 | 107.700.081 |
| | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 45.872.160 | 49.971.517 |

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Tap ársins | ( 3.007.812) | ( 2.263.286) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Afskriftir | 3.007.812 | 2.983.764 |
| Framlag frá Blönduósbæ | ( 4.211.794) | ( 4.057.000) |
| Veltufé til rekstrar | ( 4.211.794) | ( 3.336.522) |
| | | |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | |
| Skammtímakröfur, lækkun | 9.509 | 439.251 |
| Skammtímaskuldir, lækkun | ( 179.603) | ( 4.971.861) |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | ( 170.094) | ( 4.532.610) |
| Handbært fé til rekstrar | ( 4.381.888) | ( 7.869.132) |
| | | |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 0 | ( 3.829.854) |
| Fjárfestingarhreyfingar | 0 | ( 3.829.854) |
| | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Framlag frá Blönduósbæ | 4.211.794 | 4.057.000 |
| Viðskiptareikningur Blönduósbæjar, breyting | ( 911.942) | 10.637.074 |
| Fjármögnunarhreyfingar | 3.299.852 | 14.694.074 |
| | | |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | ( 1.082.036) | 2.995.088 |
| | | |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 3.249.888 | 254.800 |
| | | |
| **Handbært fé í árslok** | 2.167.852 | 3.249.888 |

# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. *Innlausn tekna*

Tekjur af sölu eru færðar í rekstrrareikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

### b. *Varanlegir rekstrarfjármunir*

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími fasteigna er 33 ár og áhalda og tækja 10 ár.

### c. *Handbært fé*

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## 3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteign | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2019 | 102.081.908 | 1.968.215 | 104.050.123 |
| Afskrifað samtals | ( 55.595.383) | ( 1.758.279) | ( 57.353.662) |
| Bókfært verð 1.1.2019 | 46.486.525 | 209.936 | 46.696.461 |
| Afskriftir á árinu | ( 3.000.504) | ( 7.308) | ( 3.007.812) |
| Bókfært verð 31.12.2019 | 43.486.021 | 202.628 | 43.688.649 |
| | | | |
| Heildarverð 31.12.2019 | 102.081.908 | 1.968.215 | 104.050.123 |
| Afskrifað samtals | ( 58.595.887) | ( 1.765.587) | ( 60.361.474) |
| Bókfært verð 31.12.2019 | 43.486.021 | 202.628 | 43.688.649 |
| | | | |
| Afskriftahlutföll | 3% | 10% | |

### Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat fasteigna nam í árslok 438.850 þús. kr., fasteignamat 94.760 þús. kr. og fasteignamat leigulóðar 9.170 þús. kr.

## 4. Eigið fé

Hlutafé félagsins nam 40.600 þús. kr. í árslok 2019. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2019 | 40.600.000 | ( 98.328.564) | ( 57.728.564) |
| Tap ársins | 0 | ( 3.007.812) | ( 3.007.812) |
| Eigið fé 31.12.2019 | 40.600.000 | ( 101.336.376) | ( 60.736.376) |

## 5. Skattmál

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2019, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nemur 29.292 þús. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Tap ársins 2010, nýtanlegt til ársins 2020 | 2.764.314 |
| Tap ársins 2011, nýtanlegt til ársins 2021 | 2.724.575 |
| Tap ársins 2012, nýtanlegt til ársins 2022 | 2.689.805 |
| Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársins 2023 | 2.661.851 |
| Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársins 2024 | 2.930.849 |
| Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársins 2025 | 2.913.243 |
| Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársins 2026 | 2.898.654 |
| Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársins 2027 | 4.203.793 |
| Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársins 2028 | 2.392.470 |
| Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársins 2029 | 3.103.138 |
| | 29.282.692 |

## 6. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann muni vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum lýkur. Ekki er hægt á þessum tímapunkti að leggja mat á þau áhrif sem faraldurinn muni hafa á rekstur félagsins til lengri tíma litið. Það er mat stjórnenda að faraldurinn hafi ekki áhrif á rekstrarhæfi félagsins.